



Laugavegshlaup 17. júlí 2010. - Veðurspá

Fyrsta útlit er nokkuð gott. Gera má ráð fyrir að vindur verði almennt hægur og fremur hlýtt í veðri, þó alls ekki mjög hlýtt. Líklegt má telja að það verði ekki lágskýjað, jafnvel léttskýjað. Bólstramyndun er einhver þegar líður á, en fjallaskúrir fremur ólíklegar. Enn eru 5 daga í hlaup og spáin kann að taka breytingum. Slagveðursrigning verður þó að teljast ólíkleg og líka hvass og þurr vindur af einhverju tagi.

